ORKUSTOFNUN

# Hitastigulsboranir í sumarbústaðalandi BSRB í Stafholtstungum

**Kristján Sæmundsson**

**Greinargerð KS-2002-06**

ORKUSTOFNUN
Greinargerðasafn

**ORKUSTOFNUN** **Greinargerð**

Rannsóknasvið KS/gr ~~0206~~

08.04.2002 2002/06

# *Hitastigulsboranir í sumarbústaðalandi BSRB í Stafholtstungum.*

Orkuveita Reykjavíkur hyggst láta fullkanna vænlegt hitasvæði sem fannst fyrir nokkrum árum í sumarbústaðalandi BSRB í Stafholtstungum. Þar hafa fram að þessu verið boraðar þrjár hitastigulsholur. Tvær þær heitustu eru í sumarbústaðalandinu næst Norðurá, önnur í landi Munaðarness, hin í landi Stórugrafar. Þær eru 113 og 84 m djúpar, önnur þétt hin smávegis lek og með niðurrennsli. Stigull í þeim er 240-280°C/km. Vatnsborð er á 7-9 m dýpi. Borstaðirnir eru 30-40 m hærra í landi en Norðurá og 100-200 m frá árgilinu og um 1 km er á milli.

Holurnar þrjár sem búið er að bora benda til að uppstreymið tengist aust-vestlægum sprungum og hiti fari hækkandi til austurs, í átt að Norðurá.

Leitinni verður haldið áfram með fleiri hitastigulsholum. Dýpi fer eftir því hvort vatn kemur í þær. Lágmark yrði 60 m. Berglög eru basalt með millilögum. Hrun hefur ekki verið til vandræða, nema í þykku millilagi sem er neðan 100 m á leitarsvæðinu. Ekki er reiknað með að bora þurfi leitarholurnar svo djúpt. Dýpi á fast var 1-4 m í holunum næst ánni. Reikna má með að það verði svipað á nýjum borstöðum þar í grennd.

Staðsetning hverrar holu ræðst af útkomunni úr þeim sem á undan voru boraðar. Hver hola þarf því a.m.k. eina nótt til að marktækur hiti sjáist. Ólíklegt er því að boruð verði fleiri en ein hola á dag. Aðkoma að borstöðum er auðveld langleiðina eftir vegum, en fara þarf út af þeim um kjarrlendi, móa og klappir til að komast á réttu staðina. Vatn er í smálæk í Kerlingargili við aðalveginn niður í hverfið, oftast lítið en ætti að duga til hjálpar við loftborun og skolun.

Holurnar verða boraðar í sumarbústaðahverfinu og hugsanlega nærri einhverjum af húsunum. Gæta þarf þess að sem allraminnst ryk sáldrist yfir húsin og eins að sápusull verði ekki til ama. Rólegt er að sögn umsjónarmanns í hverfinu í aprílmánuði.

Í fyrstu atrennu þarf að reikna með þrem leitarholum, en líkur eru á að bora þurfi fleiri holur. Lágmarksdýpi er 60 m. Holurnar þarf að fóðra í fast berg, og nægir að reka rörið niður. Bormenn þurfa að hitamæla holurnar. Orkustofnun leggur til hitamæla.

Fyrsti borstaðurinn hefur verið ákveðinn og er hann merktur á meðfylgjandi kort. Gps-hnit eru: 64° 42,038 // 21° 37, 122. Frá vegi að borstað eru 40-50 m niður hallandi göngustíg.

*Kristján Sæmundsson*

# MUNAÐARNES

## ORLOFSHEIMILI B.S.R.B

SKIPTING HÚSA: maí 1992

| | |
|---|---|
| Fél. opinberra starfsm. á Vestfjörðum | 20 |
| Félag flugmálastarfsmanna ríkisins | 42 |
| Félag íslenskra símamanna | 14, 65, 67 |
| Félag starfsmanna stjórnarráðsins | 75 |
| Landssamband lögreglumanna | 43, [illegible] |
| Ljósmæðrafélag Íslands | 16, 52 |
| Lögreglufélag Reykjavíkur | 5, 46, 68 |
| Póstmannafélag Íslands | 22, 23, 45, 66 |
| Starfsm.fél. Akraness | 19, 40 |
| Starfsm.fél. Akureyrarbæjar | 21, 37 |
| Starfsm.fél. Dala- og Snæfellssýslu | 64 |
| Starfsm.fél. Dalvíkurbæjar | 63 |
| Starfsm.fél. Hafnarfjarðar | 2, 32 |
| Starfsm.fél. Húsavíkurkaupstaðar | 38 |
| Starfsm.fél. Keflavíkurbæjar | 18, 44 |
| Starfsm.fél. Kópavogskaupstaðar | 1, 41 |
| Starfsm.fél. Ólafsfjarðar | 63 |
| Starfsm.fél. Reykjavíkurborgar | 6, 30, 33, 34, 35, 47, 48, 60, 61, 78, 79, 80. |
| Starfsm.fél. ríkisstofnana | 3, 8, 10, 11, 12, 39, 72, 73, 74. |
| Starfsm.fél. Ríkisútvarpsins | 13, 77 |
| Starfsm.fél. Siglufjarðarbæjar | 36 |
| Starfsm.fél. Sjónvarps | 17, 76 |
| Starfsm.fél. Suðurnesjabyggða | 53 |
| Starfsm.fél. Vestmannaeyjabæjar | 15, 71 |
| Tollvarðafélag Íslands | 4, 31 |
| B S R B | 7 |

